

## Stórglæsileg íbúð eilíft



Til leigá er íbúð n. kór glæsileg og herbergja 101 m<sup>2</sup> íbúðarhæð í nýrri myndlegri viðásak íbúðinni fylgir 25 m<sup>2</sup> höfðingjaheðign a

Nánari upplýsingar  
Sigríður í 898-9925 sigri@mes  
Snorri í 825-0572 snorri@mes



Fjöla Guðmundsdóttir hjá Handverki og hönnun segir umsóknir um sýningarpláss hafa aukist ár frá ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Häcker**  
kitchen.germanMade.

vilborg@centrum.is

### HÄCKER INNRÉTTINGAR Á ÍSLANDI

Nýjasta viðbótin hjá Eirvík eru hinar glæsilegu Häcker innréttingar. Häcker eru þýskar gæðainnréttingar sem henta öllum eldhúsum og fást í nokkrum verðflokkum. Kynnum einnig Miele eldhústæki, Liebherr og General Electric kælskápa og Elica háfa ásamt öðrum glæsilegum eldhústækjum.

## SÖLUSÝNING í dag frá kl. 11-16

**LIEBHERR**



**Miele**

**elica**  
COLLECTION

bulthaup

magimix

Verið velkomin í Eirvík í dag og fáið ráðgjöf og kynningu á glæsilegum eldhúsinnréttingum og eldhústækjum sem þarf til að gera gott eldhús betra.

**EIRVÍK** -há-gæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)



Glerperlur eftir Nadine Martin.



Hreindýr úr tré eftir Pál Garðarsson.

# Íslensk listið í öndvegi

● Sýningin Handverk og hönnun opnar föstudaginn 31. október í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Stofnunin Handverk og hönnun stendur fyrir sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur á íslensku handverki og listiðnaði. Sýnendur í ár eru 54 talsins og spanna vörurnar breitt svið íslensks handverks. Fjöla Guðmundsdóttir, starfsmaður hjá Handverki og hönnun, segir ásóknina hafa farið vaxandi ár frá ári.

„Við renndum blint í sjóinn með þetta í fyrsta skiptið og vissum ekkert hvernig viðtökurnar yrðu. Þær urðu strax gríðarlega góðar og umsóknum hefur fjölgað ár frá ári. Núna voru það í kringum hundrað sem sóttu um.“

Vörurnar á sýningunni verða til sölu en sýningin er hugsuð sem kynning á íslensku handverki og listiðnaði. Fjöla segir áherslu lagða á að úrvalið sé sem fjölbreyttast. „Vörurnar eru úr öllum geirum. Þarna er að finna textíl, leir, gler, skart, tré, leður, roð og skinn og allt mögulegt. Það getur hver sem er sótt um; fólk þarf bara að skila inn sýnishornum, góðum myndum eða vörunum sjálfum. Í ákveðnum greinum er eðlilega meiri samkeppni en í öðrum, eins og til dæmis í textíl sem margir eru að vinna í, en minni í til dæmis horni og beinum sem miklu færri eru að vinna með.“

Á sýningunni í ár verður sú nýbreytniaðveitaverðlaun fyrir besta nýja hlutinn. Þetta er gert til að hvetja þátttakendur til nýsköpunar og vörubrúnar. Hlutirnir þurftu að vera nýir og máttu ekki hafa



Jóla kúlur eftir Ólöfu Erlu Bjarnadóttur.



Hálsmen eftir Dýrfinnu Torfadóttur.



Peysa eftir Kitschfríði.

Handgerður hnifur eftir Pál Kristjánsson.



verið til sölu eða sýnis fyrir sýninguna í Ráðhúsinu. Verðlaunin verða veitt í upphafi sýningarinnar.

Aðgangur að sýningunni er ókeypis en hún verður opin föstudaginn 31. október frá klukkan 11 til 19, laugardaginn 1. nóvember frá klukkan 12 til 18, sunnudaginn 2. nóvember frá klukkan 12 til 18 og mánudaginn 3. nóvember frá klukkan 10 til 19.

-rat

Espressobollar eftir Guðnýju Hafsteinsdóttur.